

## Ársfundur SSKS 2009

### Áskorun til iðnaðarráðherra um stofnstyrki til nýrra hitaveitna

Ársfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, haldinn 2. október 2009, skorar á iðnaðarráðherra að beita sér fyrir því að nægjanlegt fjármagn verði tryggt á fjárlögum 2010 til orkusparandi aðgerða.

#### Greinargerð

Íslendingar hafa á undanförunum áratugum einblínt á hitaveitur og rafmagnstúpur til að hita upp híbýli sín. En til eru fleiri leiðir sem hafa verið notaðar í öðrum löndum eins og t.d. varmadælur. Ljóst er að möguleikar eru fyrir hendi að nota jarðvarma úr borholum sem ekki hafa gefið nægan hita til að setja af stað hitaveitur. Kanna þarf hvar þessar holur eru og þá möguleika að setja upp varmadælur sem nýta þann hita sem fyrir er. Ljóst er að búið er að fjárfesta í borunum og því afar mikilvægt að kanna það til fullnustu hvort ekki megi nýta þessa fjárfestingu sem þegar er búið að leggja í.

Auk þessa er hægt að setja upp annars konar varmadælur sem eru svokallaðar loftvarmadælur. Nú þegar eru hafnar tilraunir á vegum Orkuseturs með notkun slíkra varmadælna og því nauðsynlegt að áfram verði veittir fjármunir til að kanna hagkvæmni þess að nota slíkan búnað.


### Áskorun til iðnaðarráðherra um jarðhitaleit

Ársfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, haldinn 2. október 2009, skorar á iðnaðarráðherra að beita sér fyrir því að fjármagn verði tryggt á fjárlögum 2010 til jarðleitarátaks. Jafnframt er því beint til ráðherra að stuðningur við jarðhitaleit verði sérstakur fjárlagaliður eins og er í fjárlögum 2009 (11-399, 50,8 m.kr.).

#### Greinargerð:

Vísað er í 3. kafla í skýrslu vinnuhóps iðnaðarráðherra frá júní 2007 um ávinning og aðgerðir stjórnvalda til að lækka kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis.

Í þeim kafla kemur m.a. fram að öflug jarðhitaleit er forsenda þess að auka hlut jarðhita í húshitun og til lengri tíma litið lækkar það niðurgreiðsluþörfina. Þá kemur fram í skýrslunni að ný tækni og ör þróun í efnisgerð getur leitt til þess að lagning og borun getur verið hagkvæm á þeim stöðum sem áður var ekki talið hagkvæmt að nýta jarðvarma til húshitunar.



## Áskorun til iðnaðarráðherra um niðurgreiðslur á raforku til húshitunar

Ársfundur Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, haldinn 2. október 2009, skorar á iðnaðarráðherra að beita sér fyrir auknum niðurgreiðslum hitunarkostnaðar með raforku, þannig að kostnaður þeirra er nota raforku til húshitunar verði ekki meiri en hjá notendum „meðaldýrra“ hitaveitna.

### Greinargerð:

Bent er á að fjárframlög til niðurgreiðslna þurfa að taka mið af fleiru en verðlagsþróun þar sem notendum á niðurgreiðslusvæðunum hefur fjölgað. Fundurinn bendir á að auknar niðurgreiðslur jafna hag íbúa „kaldra svæða“ sem ennþá nota raforku til húshitunar.

Mikil hækkun hefur orðið á raforkuverði til húshitunar frá árinu 2005 og aldrei sem á þessu ári en hækkun sem af er þessu ári nemur 20%. Þar að auki hefur kostnaður vegna flutnings hækkað mjög mikið.

Á töflunni hér fyrir neðan sést hversu mikill munur er orðinn á kostnaði hjá fólki eftir því hvar það býr á landinu að hita híbýli sín. Svo dæmi sé tekið þá kostar það íbúa í dreifbýli í Dalabyggð 336% meira en ef hann væri á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er hrópanði óréttlæti sem þegar þarf að leiðrétta.

Tafla er sýnir orkuverð í ágúst 2009 (gögn frá Orkustofnun).

	Kr./kwst.	Íbúafjöldi	Samanb. v. meðaltal	Samanb. v. lægsta gildi
Hítaveitur 2	2,00	247.100	43%	100%
Hítaveitur 3	3,20	25.500	69%	160%
Hítaveitur 3	4,50	2.750	97%	225%
Einkahítaveitur	2,00	2.665	43%	100%
Vestmannaeyjar / RO	5,05	3.554	109%	256%
RARIK / RO	4,73	1.498	102%	237%
Orkubú Vestfjarða / RO	3,35	3.570	72%	168%
Orkuveita Reykjavíkur / rafhitun	4,35	104	93%	218%
Vestmannaeyjar / rafhitun	5,02	566	108%	251%
Orkubú Vestfjarða / þéttbýli	5,04	2.450	108%	252%
Orkubú Vestfjarða / dreifbýli	6,58	1.100	142%	329%
Rafveita Reyðarfjarðar	4,85	1.537	104%	243%
RARIK / þéttbýli	5,25	11.025	113%	263%
RARIK / dreifbýli	6,71	11.265	145%	336%
Norðurorka / rafhitun	4,84	23	104%	242%
Olíuhitun	6,65	200	144%	333%
<b>Meðaltal</b>	<b>4,63</b>			